



Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

Drög að aðgerðaáætlun fyrir bráðapjónustu og sjúkraflutninga til ársins 2025

Nr. 110/2021 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum samradsgatt.is

EFNI

1.	Pátttaka	2
2.	Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	2
	2.1 Yfirlit og áherslur í umsögnum	2
	2.2 viðbrögð við umsögnum.....	4
3.	Næstu skref	5

Júní 2021

1. ÞÁTTTAKA

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar	Guðni Sigmundsson Þorsteinn Valur Baldvinsson Bírgir Finnsson Bírgir Finnsson (um sjúkrabifreiðar) Bergur Geirsson Egill Aron Gústafsson	Sveitarfélagið Skagafjörður Slökkvilið höfuðborgarsvæðis Átta slökkvilið - þjónustuaðilar Heilbrigðisstofnun Norðurlands Félag slökkviliðsstjóra á Íslandi Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna Samband íslenskra sveitarfélaga Félag íslenskra hjúkrunarféлага Sjúkrahúsið á Akureyri
Samtals	6	9

Ekki var sent út sérstakt boð um umsögn.

Skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2979](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2979)

2. SJÓNARMÍÐ UM SAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

2.1 YFIRLIT OG ÁHERSLUR Í UMSÖGNUM

Hér á eftir er yfirlit yfir umsagnirnar fimmtán, helstu áherslur ásamt reifun á efnisatriðum:

	Umsagnaraðili	Áherslur í umsögn	Reifun á efnisatriði
1	Guðni Sigmundsson	Styrkja viðbragð í dreifbýli	Að þjálfun vettvangsliða leiði ekki til þess að dregið verði úr öðru viðbragði
2	Byggðaráð Sveitarfélags Skagafjarðar	Athugasemd við skipun starfshóps	Hefðu viljað sjá fulltrúa rekstraraðila í starfshópnum
3	Þorsteinn Valur Baldvinsson	Umferðapungi á flutningsleiðum sjúkraflutninga	Að hugað sé að umferðapunga í tengslum við skipulag sveitarfélaga, þannig að það ógni ekki öryggi og viðbragði neyðarflutninga. Hugað sé að öðrum flutningsleiðum eða bættu viðbragði í sveitarfélögum í kringum höfuðborgarsvæðið en þróunin er sú að tafir í umferð hindra skilvirka flutninga

	Umsagnaraðili	Áherslur í umsögn	Reifun á efnisatriði
4	Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri SHS	Að málefni Sjúkraflutningaskólans fái sér lið í umfjölluninni	Efla grunnám og framhaldsnám innan skólans og koma á fót námskeiðum fyrir annað heilbrigðisstarfsfólk. Styrking sem ekki leiðir til aukinna námskeiðsgjalda.
5	Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri SHS	Endurnýjun sjúkrabifreiða	Óskað eftir að allar sjúkrabifreiðar sem notaðar eru á Íslandi séu skv. evrópustaðli (C-flokkur). Óskað eftir breytingu á áætlun í næsta útboði
6	Átta slökkvilið á Íslandi sem eru þjónustuaðilar sjúkraflutninga	Óska eftir aukinni aðkomu slökkviliða að sjúkraflutningum um landið	Harma lítið samráð við slökkvilið sveitarfélaga við gerð áætlunarinnar
7	Slökkvilið höfuðborgarsvæðis	Vilja efla núverandi stofnanir og rekstraraðila sjúkraflutninga í stað þess að stofna sérstaka miðstöð	Ýmsar athugasemdir og stuðningur við valda liði áætlunarinnar
8	Eysteinn Heiðar Kristjánsson verkefnastjóri sjúkraflutninga Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Vantar í áætlunina ásýnd fagfólks sem starfar á landsbyggðinni. Hefðu viljað sjá betur útfærð markmið.	Ýmsar athugasemdir og stuðningur við valda liði áætlunarinnar
9	Félag slökkviliðsstjóra á Íslandi	Hefðu viljað sjá fulltrúa sveitarfélaga og eða slökkviliða í þessari vinnu við stefnu og áætlun.	Telja að samrekstur slökkviliða og sjúkraflutninga sé bæði hagkvæmur og tryggri betri gæði en annað rekstrarfyrirkomulag
10	Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna	LSS lýsir almennt yfir stuðningi við drögin, en óskar eftir að markmið verði skilgreind betur	Ýmsar athugasemdir og stuðningur við valda liði áætlunarinnar
11	Samband íslenskra sveitafélaga	Vilja vera fullgildir þátttakendur í frekari vinnu við áætlunina. Vilja að skoðuð verði sérstaklega reynsla sveitarfélaga af rekstri sjúkraflutninga.	Umsögn unnin í samráði við Félag slökkviliðsstjóra á Íslandi. Áhersla á mikilvægi samrekstur slökkviliðs og sjúkraflutninga. Sambandinu hugnast ekki útboð á þjónustu sjúkraflutninga. Efast er um hagkvæmni miðstöðvar um bráðþjónustu og sjúkraflutninga og frekar lagt til að efla núverandi stofnanir. Taka almennt undir tillögur um aðgerðir

	Umsagnaraðili	Áherslur í umsögn	Reifun á efnisatriði
12	Bergur Geirsson	Athugasemdirnar og viðbætur beinast helst að því að styðja við aukna fagmennsku og gæði í þjónustunni.	Endurskoða þarf lög og reglugerðir varðandi ýmsa þætti í störfum sjúkraflutningamanna s.s. Lyfjagjafir og önnur inngrip þegar læknir er ekki á staðnum. Áhersla á að sjúkraflutningamenn um land allt starfi eingöngu í klínískum störfum en ekki í öðrum störfum s.s. sem slökkviliðsmenn. Er fylgjandi frekari tengingu bráðatækna við aðrar klínískar heilbrigðisstéttir bæði starfslega og menntunarlega.
13	Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	Mæla fyrir aukinni þátttöku hjúkrunarfræðinga í bráðþjónustu utan sjúkrahúsa	Hjúkrunarfræðingar hafa í vaxandi mæli menntað sig í grunn- og framhaldsnámi sjúkraflutninga. Félagið telur þá breytingu af hinu góða og styrki þjónustuna á landsvísu, sérstaklega á smærri stöðum. Þetta er vaxandi þróun sem sést víða í nágrennalöndum okkar.
14	Egill Aron Gústafsson	Athugasemdirnar og viðbætur beinast helst að því að styðja við aukna fagmennsku og gæði í þjónustunni.	Mælir fyrir styrkingu bráðatækna sem heilbrigðisstéttar og aðskilnað við slökkvilið.
15	Sjúkrahúsið á Akureyri	Athugasemdir snúa flestar að sjúkraflugi sérstaklega	Stutt er við hugmyndafræðina um sjálfstæða miðstöð um sjúkraflutninga. Bent er á að þjónustuviðmið þurfi að taka til heildarflutningstíma, en ekki einungis viðbragðstíma eins og nú er. Lagðar eru til breytingar á Neyðarlínunni þannig að hún geti stýrt aðgerðum í neyðartilfellum. Lýsa stuðningi við eflingu Sjúkraflutningaskólans.

2.2 VIÐBRÖGÐ VIÐ UMSÖGNUM

Allar athugasemdirnar voru teknar til skoðunar, mat lagt á þær og áætluninni breytt eftir atvikum. Margar af þeim góðu ábendingum sem þar komu fram verða nýttar við útfærslu aðgerðanna þegar að framkvæmd kemur. Það voru helst tvö atriði sem endurspegluðu ólík sjónarmið umsagnaraðila. Annað atriðið tengdist samrekstri sjúkraflutninga og slökkviliða þar sem aðilar voru ýmist á því að slíkur samrekstur væri hagkvæmur eða betri en að rekstur sjúkraflutninga og slökkviliða væri aðskilinn. Úrvinnslan í aðgerðaáætluninni tók ekki sérstaklega á þessum þætti heldur leggur áherslu á opið og gagnsætt val á rekstraraðilum sem skal byggja á samanburði á gæðum og getu ekki síður en hagkvæmni. Hitt atriðið tengist námi í sjúkraflutningum og því hvort efla eigi Sjúkraflutningaskólann eða mögulega flytja námið inn í formlega skólakerfið. Ráðuneytið hefur falið nýstofnuðu landsráði um mönnun

og menntun í heilbrigðisþjónustunni að leggja mat á þetta atriði samhliða vinnu við að uppfæra þarf námsskrá sjúkraflutninganámsins.

3. NÆSTU SKREF

Aðgerðaáætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðaþjónustu til ársins 2025 var samþykkt af heilbrigðisráðherra og birt á vef ráðuneytisins í kjölfarið.

https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Adgerdaaetlun_fyrir_sjukraflutninga_og_bradaþjonustu_sept21.pdf